

7.

Sigurður Halldórsson.

Grein um hann í Vísí.

"Fírfæður (öldungur)" *unglingur*:
dags, 16. október 1933

HALFDÓRSSON

Halldórsson, Sigurður, f. 1881.
f. 1881. A. A. P. 1881.

Halldórsson, Sigurður, f. 1881.
f. 1881. A. A. P. 1881.
f. 1881. A. A. P. 1881.

Halldórsson, Sigurður, f. 1881.
f. 1881. A. A. P. 1881.
f. 1881. A. A. P. 1881.

HALFDÓRSSON

Halldórsson, Sigurður, f. 1881.
f. 1881. A. A. P. 1881.
f. 1881. A. A. P. 1881.

Halldórsson, Sigurður, f. 1881.
f. 1881. A. A. P. 1881.
f. 1881. A. A. P. 1881.

HALFDÓRSSON

Halldórsson, Sigurður, f. 1881.
f. 1881. A. A. P. 1881.
f. 1881. A. A. P. 1881.

Halldórsson, Sigurður, f. 1881.
f. 1881. A. A. P. 1881.
f. 1881. A. A. P. 1881.

Halldórsson, Sigurður, f. 1881.
f. 1881. A. A. P. 1881.
f. 1881. A. A. P. 1881.

Halldórsson, Sigurður, f. 1881.
f. 1881. A. A. P. 1881.
f. 1881. A. A. P. 1881.

Halldórsson, Sigurður, f. 1881.
f. 1881. A. A. P. 1881.
f. 1881. A. A. P. 1881.

Halldórsson, Sigurður, f. 1881.
f. 1881. A. A. P. 1881.
f. 1881. A. A. P. 1881.

Halldórsson, Sigurður, f. 1881.
f. 1881. A. A. P. 1881.
f. 1881. A. A. P. 1881.

Halldórsson, Sigurður, f. 1881.
f. 1881. A. A. P. 1881.
f. 1881. A. A. P. 1881.

Fræður unglingur.

—o—

Björn, sonur Halldórs Sigurssonar úrsmiðs, þurfti að koma hesti sínum til göngu austur í Landeyjar, en fátt var um ferðir með hesta. Þegar afi Björns, Sigurður Halldórsson, sem nú er farinn að fitja upp á 90. árið, heyrði að sonarsonur hans væri í vandræðum með að koma hestinum austur, vildi gamli maðurinn, óður og uppvægur, fá að fara með hann; en þá fór fyrir honum eins og krökkunum oft áður fyrrum, sem langaði til að fylgja lömbunum á fjall á vorin, fara á móti rekstrinum á haustin eða riða í réttirnar, en fengu neikvæð svör þeirra er yfir áttu að ráða eða vitið höfðu meira, að honum var synjað um fararleyfið, en þá hafði hann sama lagið og kenjóttu krakkarnir forðum, að halda áfram að „suða“, um þetta, þangað til leyfið fékst, en það var bundið ýmsum varúðarreglum og verndarráðstöfunum, m. a. þeim, að hann mætti ekki riða hart, ekki fara lengra en að Kolviðarhóli fyrsta daginn, hafa stutta áfanga og hvíla sig og hestinn oft og vel o. s. frv. og það því fremur sem hesturinn væri hvumulegur og erfitt að komast á bak honum. Öllu þessu til öryggis símaði Halldór sonur hans til Sigurðar Danielssonar á Kolviðarhóli og lét hann vita um ferðalag gamla mannsins, bað hann að hafa gætur á því og sjá svo um, að hann færi ekki lengra þann daginn.

Áður en Sigurður gamli lagði af stað, hafði Halldór sonur hans fengið einhvern pata af því, að maður nokkur, sem býr inn við Laugar, þyrfti að koma hesti austur í sveitir og varð það úr, að Sigurði var falið að fara með þann hest líka; hann gat því riðið „lausamannsreið“ og hafði nú tvo hesta til reiðar, en það þótti „fyrirmannlegt“ mjög í fyrri daga og fáum hæfa nema höfðingjum, enda hefir Sigurður ávalt höfðingi verið og hann góður; það þótti því eigi óviðeigandi, að hann bærisk nokkuð á, þá er hann færi — að líkindum — þessa síðustu ferð sína til áttthaganna gömlu og æskustöðva. Segir svo ekki af ferðum Sigurðar fyr en nafni hans „á Hólnum“ sér mann einn, með tvo til reiðar, riða skæt-

TEOFANI

Cigaretturnar

20 stk. 1.25.

seldar hvarvetna.

ingsreið þar fram hjá og hafði hann ekki hendur í hári hans, því hann reið mikinn. Þetta var Sigurður gamli Halldórsson, sem þá var meira um það hugað, að ná háttum í Ölvesinu en að vera að tefja sig á því „að koma á Hólinu“ eða fara með bæjum til að fá sér hressingu. Myrkt var orðið er hann kom að Kotströnd í Ölvesi um kveldið og náttaði hann sig þar. Næstu nótt gisti hann að Garðsauka. Þegar þangað kom, var orðið myrkt af nóttu og fólk gengið til náða; Sigurður tímði ekki að vekja það upp, enda hafði hann aldrei gert mönnum slikt ónáði á hinum mörgu ferðum sínum áður fyrrum. Hann leitaði því fyrir sér um hvílurúm úti við og fann þar heykleggja eða vegg til að leggjast undir. Regn var þá mikið og óttaðist Sigurður að honum yrði kalt og að að sér mundi slá, hann hörfaði því þaðan inn í auðan bás í fjósinu, þurran vel, hreinan og hlýjan, þar svaf hann svo í einum dúr um nóttina og dreymdi vel. Bóndanum í Garðsauka, Sæmundi Oddsyni, sem er alþekktur gestrisnismaður og góðkunningi Sigurðar, brá heldur en ekki í brún, er hann varð þess var um morguninn, hvar Sigurður hafði hafst við um nóttina og gramdist þetta tiltæki hans; en svo þurfti ekki að viðtökunum að spyrja, því þær voru ágætar.

Daginn eftir kom hann við í Vorsabæjarskilarétt í Landeyjum; þar voru menn nokkurir, en eigi margir, vegna illveðurs og var hann ýmist í snoðrænu af einum þeirra eða í samfylgd við hann austur Landeyjarnar.

Halldór úrsmiður var ekki með hýrri há, að vita ekki hvað föður sínum leið og símaði því að Hólum um daginn; bað hann að sendur væri maður að Bakka — en þangað var ferð

Sigurður Halldórsson

Ísl. í mann um nið
"Sigurður Halldórsson"
daga, 16. október 1933

Sigurðar heitið — til að vita hvort faðir hans væri kominn alla leið; var það auðsótt mál, þótt veðrið væri mikið og vont. Skömmu eftir að sendimaður kom að Bakka, kom Sigurður þangað einnig og lék á als oddi af ánægju yfir ferðalaginu og lét þess einkum getið, „að hann væri ekkert eftir sig!“

Dóttir Sigurðar býr á Bakka og dvaldist hann þar um nokkurra daga skeið, en hélt síðan heimleiðis, og þegar hann kom að Ölvesárbrú, sá hann, að úr því sem komið var, væri best að hafa alt í sömu ferðinni og þregða sér niður á Eyrarbakka til að finna gamla og góða kunningja sína þar og kveðja þá, áður en hann færi heim, enda mundi nú „skemtiferðum“ hans, slíkum sem þessari, fara fækkandi úr þessu; var hann hjá þeim í góðu gengi og kom heim í dag, eftir hálfis mánaðar burtuveru.

Sigurður Halldórsson er fæddur 2. ágúst 1844 og þykir honum enn í dag „allra mesti óparfi“, að vera að stjarna við að ylja upp herbergi hans, þótt hriðarveður sé að vetri til og kuldagjóstur nokkur. Eg á margar góðar sögur um þennan öðlingsöldung, sem fáa hefir átt sína líka að dugnaði, bæði til sjós og lands, en jafnframt að góðsemi og einstöku yfirlætleysi; þetta er yngsta sagan og má telja hana einsdæmi um svo háaldraðan mann.

Ferðalag Sigurðar að þessu sinni, heiman að og heim aftur, er um 330 kílómetra, sé leið hans niður á Eyrarbakka talin með.

16. okt. 1933.

Jón Pálsson.